

Skýrsla stjórnar fyrir 2011

Byggð á samantekt formanns í Jólablaði Keflavíkur 2011

Töluverðar breytingar voru gerðar á starfi Sunddeildar Keflavíkur í ár. Samstarf við félaga okkar í Sunddeild Njarðvíkur var styrkt til mikilla muna á síðasta ári og er það samstarf í dag með besta móti sem skilar okkur besta sunddliði landssins en saman urðum við Aldursflokkameistarar Íslands 2011.

Síðastliðin tvö ár hefur deildin verið að koma út í tapi og reksturinn orðinn erfiðari. Það var því nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Allt innra starf deildarinnar var tekið í gegn, samið var við þjálfara á nýjan hátt og farið var í að leita að fleiri styrktaraðilum. Þrátt fyrir þetta þurftum að grípa til þess ráðs að hækka æfingargjöldin um u.þ.b 30%. Þessi ákvörðun var alls ekki auðveld. Mjög erfitt hefur verið að afla fjármuna til að reka deildina þó svo við höfum marga frábæra styrktaraðila eins og Landsbankann, Nettó, Sigurjónsbakarí, Reykjanesbær og fleiri. Þess má þó geta að þó svo að æfingargjöldin hafi hækkað þá er allt innifalið í æfingagjöldunum, þ.e. það bætist ekki við auka kostnaður t.d. þegar farið er á mótt hjá öðrum félögum, SSÍ gjald til allra hópa, gjald til Keflavíkur o.s.frv. Hjá afrekshópnum eru lyftingar, þrek, styrktaræfingar og jóga innifalið í mánaðargjaldinu sem er ekki hjá öðrum sundfélögum sem við miðum okkur við.

Nokkrar breytingar urðu á þjálfaraliði okkar en Ingi Þór, María Jóna og Guðný Ester hurfu til annarra starfa en í stað þeirra komu Marín Hrund Jónsdóttir og Hjördís Ólafsdóttir. Við erum mjög lánsöm með þjálfara og eru innan okkar raða eru nokkrir af bestu sundþjálfurum landsins en þeir eru (auk Marínar og Hjördísar) Anthony sem er yfirþjálfari og þjálfari Afrekshóps, Eðvarð Þór þjálfari Framtíðarhóps, Steindór og Sóley sem sjá um þjálfun á yngri flokkum hjá okkur og svo Helga Eiríks sem þjálfar í sundskólanum.

Sundárið hefur verið flott hjá okkur og höfum við boðið upp á margar nýungar í okkar starfi. Til dæmis héldum við í fyrsta skipti lokahóf sem haldið var í sal Fjölbautarskóla Suðurnesja eftir Landsbankamótið og þótti það takast mjög vel. Á þessu ári voru einnig teknir upp svokallaðir æfingardagar en þeir voru haldnir á laugardögum en þá komu flestir okkar þjálfarar í yngri flokkunum með alla sína sundmenn og var farið yfir helstu áherslur í þjálfun hverju sinni. Hafa þessir dagar tekist mjög vel en þarna fá yngri sundmennirnir okkar sem hafa ekki enn fengið að æfa í Vatnaveröld tækifæri til þess að æfa í „stóru lauginni“ og fá að hitta hina þjálfarana og yfirþjálfarann sem er á bakkanum og gefur góð ráð.

Önnur nýung hjá okkur er sú að í hverjum mánuði kemur út fréttabréf sem nefnist Ofurhugi. Bréfið er birt á heimasiðu félagsins en einnig er það sent á alla foreldra í tölvupósti. Þar segir frá starfi deildarinnar, fréttum af mótm, sundmenn mánaðarins eru valdir og myndir sýndar úr starfinu.

Í mars var Bikarkeppni Sundsambands Íslands haldin fimmta árið í röð hjá okkur í Vatnaveröld og var mikið fjör þar eins og undanfarin ár. Keppt var bæði í karla- og kvennaflokki. Tókst mótaðald í alla staði vel enda erum við nú orðin vön að halda stór móti lauginni okkar. Stelpurnar okkar enduðu í 2. sæti eins og árið áður en á síðasta ári var munurinn miklu meiri og FINA stigin hafa að sjálfsögðu verið uppfærð á þessu ári til samræmis við ný heimsmet sem gerir það enn erfiðara að ná þessum stigafjölda. Þrátt fyrir þetta náði liðið okkar 590 fleiri stigum nú en í fyrra og var EINA kvennaliðið sem bætti við sig stigum í 1. deildinni á milli ára. Strákarnir enduðu í 5. sæti á mótinu en talsverð endurnýjun er á strákahópnum í ár og eiga þeir bara eftir að verða sterkari.

Íslandsmeistaramótið í 50 metra laug (ÍM50) var haldið í byrjun apríl. Frábær árangur náðist og voru sundmenn okkar að stórbæta tímana sína og settu þeir nokkur Íslandsmeit og fjölmörg Keflavíkur og ÍRB met. Við áttum marga sundmenn sem náðu að komast á verðlaunapall. Framtíðin er því greinilegt björt hjá okkur. Davíð Hildiberg Aðalsteinsson varð Íslandsmeistari í 100 og 200 metra baksundi þar sem hann sigraði með miklum mun og hafði hann töluverða yfirburði í báðum sundunum. Þar að auki náðu sex sundmenn lágmörkum í hin ýmsu landsliðsverkefni. Í heildina voru sundmenn ÍRB að bæta sinn fyrri árangur í yfir 80% tilvika sem er glæsilegur árangur.

Í lok apríl fóru tvær af okkar efnilegustu sundkonum með landsliðinu og kepptu fyrir Íslands hönd á móti í Luxemborg en þetta eru þær Jóhanna Júlía og Ólöf Edda og stóðu þær sig mjög vel og unnu til fjölmargra verðlauna. Í byrjun júní keppti Jóna Helena á Smáþjóðarleikunum og stóð hún sig mjög vel þar og vann gull í 400 m fjórsundi á sínum besta tíma til þessa og var mjög stutt frá því að setja mótsmet og nýtt ÍRB met. Davíð Hildiberg keppti einnig á mótinu og stóð hann sig vel og vann hann til gullverðlauna með boðsundssveit sinni í 4x100m fjórsundi. Í byrjun júlí keppti Jóhanna Júlía á Evrópumeistaramóti Unglinga (EMU) og stóð hún sig þar með prýði. Í lok júlí keppti Ólöf Edda á Ólympíudögum æskunnar í Evrópu og synti hún þar nokkur sund og stóð hún sig mjög vel og komst til að mynda í B-úrslit í 200m fjórsundi og bætti telpnemetið í 200m flugsundi en Ólöf Edda hefur verið dugleg við að setja Íslandsmeit í telpnaflokki og á 7 met sem öll voru sett á þessu ári. Í október kepptu svo fyrir Íslands hönd Jóna Helena, Jóhanna Júlía og Ólöf Edda á vinamóti í Færeyjum þar sem við Íslendingar höfðum betur. Það er gaman þegar sundmenn okkar eru að komast í verkefni með landsliðum Íslands og vonandi eignum við eftir að eignast fleiri sundmenn í landsliðum Íslands.

Um miðjan maí héldum við hið árlega Landsbankamót ÍRB sem áður var kallað Sparisjóðsmót ÍRB. Mótið tókst í alla staði vel. Mótið byrjaði á föstudagi en þá fá okkar yngstu sundmenn að njóta sín og er jafnan mikið fjör í lauginni. Í lok dags var svo farið í hinn sívinsæla sjóræningjaleik sem ávallt vekur mikla lukku. Á laugardeginum og sunnudeginum taka svo eldri sundmenn við en í aldursflokknum 12 ára og yngri er keppt í 25 metra laug en 13 ára og eldri keppa í 50 metra laug. Mörg mótsmet félru í ár og nokkur aldursflokkamet voru einnig sett á mótinu. Mikil stemning var á mótinu í ár eins og undanfarin ár og er þetta móti gríðarlega vinsælt þar sem yfir 500 sundmenn voru þarna samankomnir frá alls 14 félögum. Í lok móts hjá 13 ára og eldri eru veittir farandbikarar fyrir stigahæstu sund og

áttum við two sundmenn þar en það voru þeir félagar Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, fyrir 200 metra skriðsund og Þróstur Bjarnason einnig fyrir 200 metra skriðsund. Til að halda móti að þessum stærðargráðum er nauðsynlegt að hafa samstilltan hóp foreldra en við hjá sunddeildinni eru heppin að hafa frábært fólk sem skilar þessari vinnu ár eftir ár með miklum sóma. Við viljum þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn; foreldrum, starfsfólki Vatnaveraldar, starfsfólki Holtaskóla og okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Reykjaneshbæ, Nettó og Sigurjóni í Sigurjónsbakarí.

Eftir að móti lauk var svo glæsilegt lokahóf og uppskeruhátíð ÍRB í hátíðarsal FS. Þangað mættu yfir 200 manns til kvöldverðar og fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru afhent. Veitt voru verðlaun eftir hvatningarkerfi ÍRB og einnig voru verðlaunaðir sundmenn hvers aldursflokkks fyrir sig.

Í lok júní var svo Aldursflokkameistaramót Íslands haldið á Akureyri. Gríðarleg spenna var á mótinu og stefndum við hjá ÍRB á sigur á mótinu eftir að hafa lent í öðru sæti undanfarin ár á eftir sundliði Ægis. Liðin skiptust á um að hafa forystuna á milli hluta og fyrir síðasta hluta mótsins munaði einungis nokkrum stigum á liðunum. Í lokahluta mótsins náðum við að sigla fram úr Ægismönnum og sigruðum AMÍ eftir frábært móti og frábæran lokahluta. Það er of langt mál að telja upp alla þá sem urðu Íslandsmeistarar en það voru ánægðir og sigurreifir sundmenn og þjálfarar sem fóru á lokahófið og tóku við bikarnum góða sem er kominn aftur til Reykjaneshbæjar eftir tveggja ára hlé. En þar á undan hafði ÍRB unnið þennan titil í 5 ár. Á lokahófinu voru einnig veitt fjölmörg einstaklingsverðlaun. Ólöf Edda Eðvarðsdóttir hlaut Ólafsbikarinn sem veittur er fyrir besta afrek í ákveðnum greinum þegar tekið er tillit til aldurs en þessi bikar er gefinn í minningu Ólafs Þórs Gunnlaugssonar sundmanns og sundþjálfara. Þá varð Ólöf Edda stigahæsta stúlkan 13-14 ára. Þegar svona stór hópur fer á móti skiptir miklu máli að framkoma og hegðun séu til fyrirmynadar. Þeir 45 sundmenn sem fóru frá ÍRB á þetta móti sönnuðu að ekki eingöngu eru þeir frábærir íþróttamenn heldur er framkoma þeirra og prúðmennska til fyrirmynadar. Liðið fékk viðurkenningu á lokahófinu fyrir prúðmennsku og góða framkomu og var það umtalað á meðal starfsmanna mótsins hve vel sundmennirnir komu fyrir og voru kurteisir hvar sem þeir komu. Talsverður fjöldi foreldra og annara aðstandenda fylgdi hópnum norður og studdi vel við bakið á sundmönnunum og mikil stemmning var á áhorfendapöllunum. Það verður gaman að verja AMÍ titilinn á næsta ári en AMÍ 2012 verður haldið á heimavelli okkar í Vatnaveröld í Reykjaneshbæ.

Íslandsmeistarmótið í 25 metra laug fór fram um miðjan nóvember í Laugardalslauginni. Mörg frábær sund litu dagsins ljós á mótinu hjá okkar unga liði og fengum við einn Íslandsmeistaratal til en það var Jóhanna Júlíá Júliusdóttir sem varð Íslandsmeistari í 200m fjórsundi og fékk 700 Fina stig fyrir það sund. Margir sundmenn komust einnig á pall á mótinu og hlutu silfur og bronsverðlaun. Baldvin Sigmarsson bætti íslenska drengjametið í 200 metra flugsundi og í 400 metra fjórsundi en þar hann endaði í 2. sæti. Glæsilegur árangur. Við erum með mjög ungt lið og er greinilegt að framtíðin er björt hjá okkur.

Á uppskeruhátíð Sundsambands Íslands sem haldin var svo á eftir ÍM25 fékk ÍRB Hvatningarverðlaun SSÍ. Hvatningarverðlaunin eru veitt félaginu fyrir öflugt ungingastarf og

uppbryggingu ungs liðs. Þá hlaut Anthony D. Kattan yfirþjálfari liðsins titilinn Unglingaþjálfari ársins 2011 og Sigmar Björnsson var valinn dómari ársins.

Í lok árs 2011 var Davíð Hildiberg Aðalsteinsson valinn sundmaður Keflavíkur. Davíð Hildiberg hefur átt frábært ár. Hann æfir núna í Arizona í Bandaríkjunum og stundar nám við háskóla þar. Hæstu FINA stigin sín hlaut hann fyrir 100m baksund í 50m laug á Íslandsmeistaramóti í apríl. Hann fékk 736 stig fyrir þá grein, þar sem 1000 stig eru heimsmetið. Hann fékk einnig yfir 700 FINA stig í bæði 50m og 200m baksundi og í því síðarnefnda setti hann nýtt ÍRB met í karlauflokki. Hæstu stigum í 25m laug náði hann á metamóti ÍRB en þar fékk hann 668 stig fyrir 100m baksund. Davíð var hluti af landsliði Íslands sem fór á Smáþjóðaleikana. Davíð vann silfur í 100m baksundi á Smáþjóðaleikunum og brons í 200m baksundi. Hann var einnig baksundsmaðurinn í sveitinni sem fékk gull á leikunum í 4x100m fjórsundi og var einnig í sveitunum sem fékk silfur fyrir 4x100m skriðsund og 4x200m skriðsund. Davíð var einnig hluti af hópnum sem vann Aldurflokkameistaramót Íslands, AMÍ, í ár. Hann vann einnig bikar á Landsbankamóti ÍRB fyrir stigahæsta 200m sundið.

Íslandsmót Garpa var haldið í Hafnarfirði á árinu. Sigmar Björnsson varð Íslandsmeistari á því móti og óskum við honum til hamingju með árangurinn.

Þess má einnig geta að fjölmörg minni móti fóru fram á árinu eins og t.d. Gullmót KR, Akranesleikar, Stórmót SH auk nokkurra innanfélagsmóta. Okkar krakkar stóðu sig geysilega vel á þessum mónum og gaman er að sjá uppganginn í yngri flokkunum. Okkar sundmenn unnu til margra verðlauna á þessum mónum og voru til mikilla fyrirmynðar, bæði í lauginni og á bakka. Hægt er að skoða úrslit allra móta á heimasíðu okkar www.keflavik.is/sund.

Það eru spennandi tímar framundan hjá okkar unga en efnilega liði. Þeir sem fylgst hafa með starfinu undanfarin ár telja sig sjá marga afreksmenn í íþróttinni og jafnvæl Ólympíufara. Það verður gaman að fylgjast með þessu frábæra sundliði áfram!

Stjórn SK

Falur Helgi Daðason, Formaður
Júlíus Friðriksson, Varaformaður
Hjördís Kristinsdóttir, Gjaldkeri
Sigurbjörg Róbertsdóttir, Ritari
Sigurbjór Sævarsson, Meðstjórnandi
Guðný Magnúsdóttir, Varamaður
Hilmar Örn Jónasson, Varamaður
Guðmunda Róbertsdóttir, Varamaður.

Íslandsmeistarar Keflavíkur 2011

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson
Jóna Helena Bjarnadóttir
Helga Kristin Sverrisdóttir
Soffía Klemenzdóttir
Aleksandra Wasilewska
Alexander Páll Friðriksson
Einar Þór Ívarsson
Erla Sigurjónsdóttir
Hólmfriður Rún Guðmundsdóttir
Jóhanna Júlia Júlíusdóttir
Jón Águst Guðmundsson
Kristófer Sigurðsson
Sóley Ósk Hafsteinsdóttir
Stefán Örn Ólafsson
Baldvin Sigmarsson
Birta María Falsdóttir
Björgvin Hilmaarsson
Íris Ósk Hilmarsdóttir
Laufey Jóna Jónsdóttir
Magnþór Breki Ragnarsson
Ólöf Edda Eðvarðsdóttir
Þróstur Bjarnason
Eiríkur Ingi Ólafsson
Ingi Þór Ólafsson
Ingunn Eva Júlíusdóttir
Ísak Daði Ingvasson
Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir
Jóna Halla Egilsdóttir
Sandra Ósk Elíasdóttir
Sigmar Marijón Friðriksson
Stefania Sigurðórsdóttir
Sunneva Dögg Friðriksdóttir
Svanfriður Steingrímsdóttir
Sylwia Sienkiewicz

Þjálfarar:

Anthony Kattan
Eðvarð Þór Eðvarðsson